Steinunn Þórarinsdóttir sýnir járnskúlptúra á Kjarvalsstöðum



Steinunn Þórarinsdóttir. Ljósm. Jim Smart

Á landamærunum

Það eru stórir og fyrirferðarmiklir járnskúlptúrar sem mæta okkur á vinnustofugólfi Steinunnar Þórarinsdóttur myndhöggvara á Korpúlfsstöðum, þar sem við heimsóttum hana í vikunni: flennistórar og efnismiklar járnplötur hefur hún meðhöndlað eins og um léttan og auðmeðfarinn pappír væri að ræða, skorið þær, undið og rifið og leikið á landamærum forms og skugga, tvívíðs flatar og þrívíddar, efnis og tóms, þar sem skuggamyndir af fólki elta hver aðra og útskorið formið stendur andspænis tóminu sem það skilur eftir í fletinum eins og maður andspænis andhverfu sinni, vera andspænis ekki veru.

Plötunum flettir hún eins og spilum þar til þær opnast í formi manns sem aftur speglar sjálfan sig í efninu og leikur þannig á mörkum efnis og efnisleysis, tvívíddar og þrívíddar, veru og ekki veru. Rifin plötubrúnin er ryðguð í sárið en annars bera plöturnar hreinan stálbláan lit. Í myndinni Landamæri erum við stödd í herbergishorni sem afmarkað er af þrem plötum rifnum í kantinn sem eru veðraðar af vatni og sýru og bera ryðrauðan lit eins og opið sár. Í veggnum djarfar fyrir mannsmynd sem eins og hverfur í stálið en utan veggja er flöturinn lokaður og heill með þessum hreina og kalda bláma sem er andstæða ryðsins alveg eins og tómið er andstæða efnisins. Landamærin sem leikið er á í þessari sýningu eru margræð og Steinunn segir okkur að þetta séu hugmyndir sem hafi vaknað með henni þegar hún dvaldi í Listamiðstöðinni í Sveaborg sumarið 1988.

„Þessar hugmyndir voru ekki framkvæmanlegar þar, því þær kölluðu á svo stórt form, og því hef ég unnið þetta hér á verkstæði Myndhöggvarafélagsins í vetur. Þetta eru sjálfstæð verk, sem eru ekki hugsuð fyrir ákveðna staði fyrirfram, og ég veit því ekki hvað um verkin verður þegar sýningin er afstaðin. Mér finnst það í sjálfu sér heillandi og skemmtilegt viðfangsefni að vinna verk fyrir ákveðna staði eða tiltekið rými, en slík vinna byggir á öðrum forsendum. Þessi verk eru sjálfstæðar hugmyndir og þurfa helst að standa inni nema þá að þau verði varin sérstaklega gegn veðrun. Þetta eru járnplötur með blárri eldhúðinni úr valsinum, og þessi blái litur hefur einhverja djúpa merkingu fyrir mér, hann eltir mig í flestum mínum verkum, ég veit ekki hvers vegna... Mér finnst gaman að meðhöndla þetta þunga, harða og óárennilega efni eins og það væri leikandi léttur pappír og láta það ómögulega gerast. Þetta er í raun og veru einhvers konar óraunveruleg umbreyting á efninu sem ég er að sækjast eftir jafnframt því sem ég vil láta það njóta sín eins og það er," segir Steinunn Þórarinsdóttir.

Nú er Steinunn búin að flytja skúlptúrana sjö með ærinni fyrirhöfn niður á Kjarvalsstaði, þar sem hún opnar sýningu í Vestursalnum á laugardag kl. 14. Sýningin stendur til 27. maí og verður opin alla daga kl. 11-18.

